

Hlutverk

LEIÐBEINANDANS - TRÚNAÐARMANNSINS

Hvað þýðir það að vera leiðbeinandi?

- ❖ Hafa farið sjálf/ur í gegnum sporin og unnið þau eins vel og við gátum á hverjum tíma
- ❖ Langa til að aðrir fái að njóta þess sem við höfum lært af sporavinnunni
- ❖ Vera reiðubúin að skuldbinda okkur fyrirfram þann tíma sem sporavinnan stendur
- ❖ Vera sjálf/ur virkur í sporavinnu og vakandi yfir nýjum lærdómi sem sporin veita
- ❖ Hafa áhuga fyrir öðru fólki og láta okkur þykja vænt um það
- ❖ Tileinka okkur fordómaleysi og heiðarleika í framkomu
- ❖ Finna að við þurfum að vera í sporunum til að viðhalda batanum og gleðjumst yfir bata og vexti þeirra sem með okkur eru.

Hvað gerir leiðbeinandinn fyrst?

- ❖ Undirbýr sporastarfið að hausti
- ❖ Heldur góðu sambandi við prestinn í kirkjunni og annað starfsfólk kirkjunnar
- ❖ Finnur tíma og stað fyrir starfið í kirkjunni og býður prestum að koma á kynningarfund
- ❖ Sér til þess að starfið sé auglýst á réttum stöðum – í samstarfi við kirkju og Vini í bata
- ❖ Leitar eftir fleiri leiðbeinendum til samstarfs og heldur undirbúningsfund
- ❖ Mætir tímanlega, hellir upp á kaffi, og býður fólk velkomið
- ❖ Leiðir kynningarfund, sjálfur eða til skiptis við aðra leiðbeinendur og fær fólk til að lesa og/eða vera með vitnisburði

Hvað gerir leiðbeinandinn á fundum?

- ❖ Mætir vel og stundvíslega
- ❖ Hlustar, með eyrum, augum og opnum huga
- ❖ Skipuleggur starfið yfir veturinn og gætir þess að hóparnir skipti með sér verkum bæði sín á milli og líka inni í sínum hópi
- ❖ Útbýr tímatöflu fyrir veturinn og lista yfir þátttakendur
- ❖ Bendir þátttakendum á „Viðmiðunarreglur í hópavinnu“ og leggur til að þær séu virtar
- ❖ Er vakandi yfir því í samráði við aðra leiðbeinendur hvernig starfið gengur í hópunum
- ❖ Er reiðubúinn til þess að ganga inn í aðstæður ef þörf er á til að leysa vanda í hópi
- ❖ Mætir á fund, er til staðar – allt annað gerir Guð

Hvað gerir leiðbeinandinn annars?

- ❖ Biður fyrir starfinu, hópum og þátttakendum
- ❖ Deilir reynslu, styrk og von og segir frá því sem er hér og nú
- ❖ Tileinkar sér þolinmæði, kærleika og hlýju
- ❖ Hvetur og uppörvar - hrósar og styður
- ❖ Stuðlar að því að vinnan sé á tilfinningasviðinu með að sýna eigin fordæmi við tjáningu
- ❖ Fylgist vel með hvort samlyndi sé í hópum og fólki líði þar vel
- ❖ Talar um mikilvægi trausts og að friðhelgi einkalífsins sé varðveitt - slúður skaðar alltaf
- ❖ Hlustar og biður

Hvað er/gerir leiðbeinandinn ekki?

- ❖ Leiðbeinandi er ekki stjórnandi og tekur ekki ráðin af öðru fólki
- ❖ Leiðbeinandi hefur bata annarra ALDREI á sínu valdi
- ❖ Leiðbeinandi getur ekki hindrað fólk í að hætta í sporunum, en getur reynt að telja því hughvarf og hvetja það til að vinna vel og halda áfram.
- ❖ Leiðbeinandi skiptir sér ekki af trúarafstöðu þátttakandans en segir frá sinni eigin trúarafstöðu
- ❖ Leiðbeinandi gefur ekki ráð óumbeðið
- ❖ Leiðbeinandi er ekki meðferðaraðili
- ❖ Leiðbeinandi er ekki Guð

Gott að muna:

- Okkur verður öllum á – einhvern tíman
- Þá viðurkennum við yfirsjónirnar, biðjumst fyrirgefningar og leiðréttum okkur.
- Við erum sjálf í bata en erum ekki fullkomin
- Varðveitum auðmýktina í sporastarfinu
- Við vitum ekki alla hluti og sjáum ekki allt – verum ekki hrædd við að leita álights
- Segjum sannleikann í kærleika

Hvað þýðir að vera trúnaðarmaður?

- ❖ Um trúnaðarmanninn gildir margt af því sama sem á við um leiðbeinandann
- ❖ Munurinn er sá að trúnaðarmaður er valinn af þeim sem er að vinna sporin eftir ábendingu eða öðru sem hann sjálfur veit
- ❖ Það gefur trúnaðarmanni leyfi til að spyrja spurninga, segja sitt sjónarmið en ekki að gefa ráð
- ❖ Til að vera trúnaðarmaður, þarf maður að þekkja sporin og helst að hafa unnið þau að einhverju leyti líka með trúnaðarmanni
- ❖ Að vera trúnaðarmaður fyrir einhvern sem er í sporavinnu er stórkostlegt tækifæri til að efla og styðja við sinn eigin bata og frábært 12. spor
- ❖ Það má hafna því að vera trúnaðarmaður og báðir aðilar mega líka slíta trúnaðarmanna-sambandi ef ástæða er til

Hvað segir Joe McQ um trúnaðarmanninn?

- ❖ Það er mikilvægt að deila sögu sinni til að fá sjónarmið annarra í 5. sporinu
- ❖ Við byrjum á að viðurkenna yfirsjónirnar fyrir Guði og um leið biðjum við hann um að sýna okkur hvern við eigum að tala við til að vera trúnaðarmaður
- ❖ Í AA-bókinni segir að trúnaðarmaðurinn þurfi aðeins að vera skilningsríkur og ekki sjálfur tengdur við atburði okkar lífs. Bókin var reyndar skrifuð 1935 og þá var ekki mikið um trúnaðarmenn sem þekktu sporin, þannig að við erum heppin, en þetta er samt í fullu gildi
- ❖ Það er þess vegna ekki mitt að segja til um hvort ég sé hæfur trúnaðarmaður eða ekki, ef einhver biður mig og treystir mér, þá er það heiður og tækifæri mitt til að vaxa um leið.
- ❖ **Gott til umhugsunar fyrir trúnaðarmanninn:** Joe McQ talar um að í 5. sporinu erum við ekki að játa yfirsjónir okkar eingöngu heldur „nákvæmlega hvað í þeim fólst“ þ.e. af hverju erum við þau sem við erum og hvers vegna gerðum það sem við gerðum